Aðalfundur Landeigendafélags Sléttu- og Grunnavíkurhrepps 1997.

Fundurinn er haldinn í fundarsal VST, Ármúla 4, Reykjavík. fimmtudaginn 28. ágúst '97 kl. $20^{30}$ til $1^{00}$. Fundinn sóttu 40 félagsmenn.

Formaður setti fundinn og bað Kristinn F Gíslason að taka að sér fundarstjórn og Guðmund Halldórsson að rita fundargerð.

1. Guðmundur Halldórsson las fundargerð síðasta aðalfundar. Var hún samþykkt samhljóða.

2. Formaður félags, Þorvarður Jónsson, flutti skýrslu stjórnar. Haldnir hafa verið 4 stjórnarfundir, nokkrir (3 fundir) fundir í Hornstrandanefnd, og fundir með skipulagi ríkisins og einn fundur með forráðamönnum Ísafjarðarbæjar vegna sameiningarmála. Formaður rakti síðan þau mál sem rædd hafa verið á stjórnar fundum félagsins: s.s Sameining Ísafjarðarbæjar og Sléttuhrepps, samkvæmt lögum nr. 131/95, sem samþykkt voru á alþingi 14. desember '95. Skipulag Hornstranda. Leiðrétt stefnumörkun 1995-2015, send Ísafjarðarbæ 24.04 1996, en síðan hefur ekkert gerst. (málið í biðstöðu)

Slysavarnarskýli SVFÍ í Hornvík. Slysavarnarfélagið hefur ekki fært skýlið og óvíst er hvort tími vinnst til þess að gera það í sumar.

Borun í botnset (Staðarvatns - og) Rekavíkurvatns bak Látur

Áslaug Geirsdóttir hefur verið með rannsóknir í gangi í friðlandinu. Landeigendafélagið hefur óskað eftir að fá senda skýrslu um rannsóknirnar og að í framtíðinni verði haft samráð við LSG þegar rannsóknir eru leyfðar í friðlandinu.

Beiðni Ferðafélags Ísfirðinga um afnot af vitavarðarhúsinu í Látravík. Þetta mál var rætt á stjórnarfundi LSG, en ákvörðun frestað.

Samdráttur í sumarferðum Fagranes til Hornstranda

Lesið var bréf frá Reyni Ingasyni framkvæmdastjóra Djúpbátsins um málið, þar sem hann hvetur hagsmunaaðila. þ.á.m landeigendur í Sléttuhreppi að láta í sér heyra um fækkun á ferðum Fagranessins norður á Strandir og óska eftir (fundi) úrbótum.

Að lokum útskýrðir formaður þær reglur sem Hornstrandanefnd hefur unnið eftir varðandi ferðir ökutækja. s.s. fjórhjóla og snjósleða á svæðinu.

Nokkrar umræður urðu um skýrslu formanns og tóku til máls Matthildur Guðmundsdóttir, Kristján Geirsson, Magnús Reynir Guðmundsson, Erling Ásgeirsson, Sigríður Gunnarsdóttir,

Geir Viðar Vilhjálmsson og Magnús Gutmundsson,
Skýrslan var síðan borin undir atkvæði og
samþykkt samhljóða.

3. Reikningar félagsins
Sævar Geirsson, gjaldkeri LSG lagði fram
endurskoðaða ársreikninga félagsins og
gerði grein fyrir þeim:
Niðurstöðutölur rekstrarreiknings fyrir
tímabilið 1.1.1995 til 31.12 1996 eru tekjur
uppá kr. 112.214, en kostnaður kr. 96.344.-
og er því tekjuafgangur kr. 15.870.-
Niðurstöðutölur efnahagsreikning 31.12.96,
eru höfuðstóll kr 190.749 og til viðbótar
rekstrarafgangur kr. 15870, þannig að
höfuðstóll í árslok 1996 er kr 206.619.
Reikningar félagsins voru bornir undir
atkvæði og samþykktir samhljóða.

4. Stjórnarkjör:
Formaður er kosinn sérstaklega og
var Þorvarður Jónsson, einn í kjöri og, endurkosinn formaður
til næstu tveggja ára.
Tillögur um aðra stjórnarmenn voru:
Matthildur Gutmundsdóttir, Gutmundur
Halldórsson og Sævar Geirsson, (fyrir

Reykjavík og nágrenni) og Sölvi Rúnar Sólbergsson og Magnús Reynir Guðmundsson (fyrir Ísafjörð og nágrenni).
Fengið var leyfi fundarins að kjósa milli, Matthildar, Sævar og Guðmundar og féllu atkvæði þannig að Matthildur Guðmundsdóttir fékk 30 atk. Sævar Geirsson 20 ~~atk~~ og Guðmundur Halldórsson 18 atk.
Eru því Matthildur og Sævar réttkjörin í aðalstjórn LSG.
Uppástungur komu um Guðmund Halldórsson, Jósef H Vernharðsson og Ástu Ólafsdóttur sem varamenn í stjórn. Voru þau samþykkt samhljóða.

5 Kjör tveggja endurskoðenda og tveggja til vara:
Uppástunga kom um Axel Sölvason og Rósu J ~~Jóns~~dóttur og voru þau samþykkt samhljóða sem endurskoðendur félagsins
Varaendurskoðendur voru einnig samþykktir samhljóða þau Anna Ásgeirsdóttir og Jón Borgarson.

6. Ákvörðun um árgjöld
kosið var milli tillögu stjórnar um að hækka árgjaldið í kr. 600 og tillögu

Matthildar Guðmundsdóttur úr at árgjaldit yrði kr. 1000. - Sampykkt var tillaga stjórnar með 18 atk gegn 4 at hækka árgjaldit í 600kr á ári og innheimtast tvö ár saman.

Þá var gefit kaffihlé og bauð félagit fundarmönnum upp á kaffi og meðlæti.

7. Sameining Sléttuhrepps og Ísafjarðarbæjar.
Formaður félagsins, Þorvarður Jónsson gerði grein fyrir hugmyndum stjórnar LSG um hvernig standa ætti at viðræðum við fulltrúa Ísafjarðarbæjar um hagsmunamál landeigenda í fyrrum Sléttuhreppi.
Heppilegt sé at byrja fundi nú í haust t.d í síðustu viku í október, halda kynningarfund með landeigendum fyrir vestan at kvöldi komudags, ræða síðan við fulltrúa Ísafjarðarbæjar næsta dag og halda síðan sutur um kvöldit. Hugsanleg umræðuefni:

Hvernig verður staðit at fasteignamati?
Hver verður þjónusta Ísafjarðarbæjar?
Hvaða gjöld er fyrirhugað at leggja á?
Hvernig verða samgöngum háttat?
Hvernig verður staðit at sorphirðu?

Hvernig verður löggæslu háttað?
Hvernig verður staðið að skipulagsmálum?
(aðalskipulag + deiliskipulag)
Hvaða reglur verða um nýbyggingar á svæðinu?
Formaður gat þess að hann hefði rætt við Andra Árnason lögfræðing um veita félaginu lögfræðiaðstoð í þeim samningaviðræðum sem fyrirhugaðar væru við fulltrúa Ísafjarðarbæjar.
Magnús Guðmundsson lagði áherslu á að engar ákvarðanir yrðu teknar á fyrirhuguðum viðræðufundi heldur yrði umræðuefnið og hugmyndir bæjarstjórnar til umfjöllunar á almennum fundi í LSG og þar yrðu endanlegar ákvarðanir teknar.
Áður á fundinum hafði komið fram sú skoðun hjá Erling Ásgeirssyni að skynsamlegra væri að vinna að aðalskipulagi fyrir svæðið og síðan að deiliskipulagi fyrir byggðakjarnana á Látrum, Sæbóli og Hesteyri, heldur en að hafa þann hátt á sem nú er að samþykki allra landeigenda þurfi fyrir nýbyggingu í viðkomandi byggðarlagi.

8. Kristján Geirsson, fulltrúi frá Náttúruvernd ríkisins gerði grein fyrir nýjum lögum um náttúruvernd. Að hans mati verður ekki mikil breyting á starfi ráðsins með tilkomu

nýju laganna a.m.k. ekki hvað varðar Hornstrandasvæðið og starfi Hornstrandanefndar verður haldið áfram. Óljóst er hverjir verða tilnefndir í nefndina af hálfu Náttúruverndar ríkisins, en Kristján Geirsson telur þó víst að hann verði tilnefndur sem einn af þremur fulltrúum Náttúruverndar ríkisins í Hornstrandanefnd..

Þorvarður Jónsson þakkaði Kristjáni upplýsingar um nýskipan Náttúruverndar ríkisins; Hann taldi að eftirlitsmál á svæðinu væri ekki í nægilega góðu lagi og nefndi hreinlætismál (kamarhreinsun) og eftirlit með netaveitum í sjó máli sínu til stuðnings.

Kristján svaraði þessari gagnrýni þannig að fullur vilji væri til að gera (meira) betur en fjárveitingar til þessara mála væru skornar við nögl.

9. Önnur mál.

Að hluta til voru önnur mál rædd undir öðrum dagskrárliðum. Helst var rætt um skipulags- og byggingarmál. Einnig kom til umræðu ólík sjónarmið Sléttuhreppinga og Grunnvíkinga, þannig

að Sléttuhreppsbúar hefu ekki áhuga á málum Grunnvíkinga og öfugt. Sölvi Sólbergsson kynnti fyrir fundarmönnum nýtt merki fyrir gönguleiðir á Vestfjörðum og sýndu fundarmenn merkinu áhuga.
Þá ræddu þau Malthildur Guðmundsdóttir og Geir Viðar Vilhjálmsson um lélegt upplýsinga-streymi til hins almenna félagsmanns og þörf á að halda fleiri félagsfundi til að koma upplýsingum til félagsmanna.
Í framhaldi af þessum umræðum lagði Þorvarður Jónsson fram svohljóðandi tillögu sem var samþykkt samhljóða:
„Fundurinn felur stjórn félagsins að endurskoða lög félagsins og kynna tillögur sínar á félagsfundi á næsta ári.
Að lokum þakkaði Þorvarður það traust sem félagsmenn sýndu með því að endurkjósa hann formann félagsins, þakkaði fundarstjóra Kristni Gíslasyni röggsama fundarstjórn og fundarmönnum fyrir þeirra framlag og sleit síðan fundinum klukkan eitt eftir miðnætti

Guðm. Halldórsson
fundarritari.